

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Sigurður Guðmundsson  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. febrúar 2013  
Tilvísun: UST20130200081/bs

### Leyfi til lagning dælulagnar innan fólkvangsins Óslands

Vísað er til bréfs Sveitarfélagsins Hornafjarðar dags. 11. febrúar sl. þar sem óskað er leyfis Umhverfisstofnunar í samræmi við 7. gr. auglýsingar nr. 264/2011 um fólkvang í Óslandi. Framkvæmdinni er lýst í meginatriðum á eftirfarandi hátt í fyrrnefndu erindi: *Lögnin verður grafinn niður í fjörunni þannig að farið verður á lítilli beltagröfu út í fjöruna á fjöru og grafinn um 1 - 1,5 m djúpur og 1 – 1,5 m breiður skurður fyrir lögninni. Efni sem kemur upp úr skurðinum verður sett við hliðina á lagnaskurðinum því það verður sett ofan í skurðinn aftur, ofna á lögnina þegar búið er að koma henni fyrir. Því fer ekkert efni af staðnum.*

Umhverfisstofnun telur að umrædd framkvæmd muni ekki rýra verndargildi Óslands og veitir leyfir til að ráðist verði í framkvæmdina með eftirfarandi skilyrðum:

1. Framkvæmdum verði lokið sem fyrst, eða áður en varp hefst á svæðinu, þannig að ekki verði truflun á fuglalífi í fólkvanginum.
2. Framkvæmdaaðili tilkynni Umhverfisstofnun þegar framkvæmdir hefjast þannig að eftirlitsmanni stofnunarinnar gefist kostur á að fylgjast með framkvæmdum.
3. Umhverfisstofnun mun krefja framkvæmdaaðila um greiðslu kostnaðar vegna umrædds eftirlits samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar. Áætlaður tími til eftirlits er áætlaður 4 klst.

Virðingarfyllt

Hjalti J. Guðmundsson  
Sviðsstjóri

Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri